

Telji stjórn sjóðsins upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta úrskurði, uns úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 120 1971 um eftirlaun samkvæmt II. kafla nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 517.

4. desember 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um fólkvang í Bláfjöllum.

Hinn 21. mars 1973 gaf ráðuneytið út auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum. Í fylgiskjali voru birtar reglur um hið friðlýsta svæði.

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs er hér með gerð breyting á nefndum reglum.

Nýtt ákvæði bætist við reglurnar og orðast það þannig:

„4. Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eðabanna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.“

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 4. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 518.

1. desember 1975.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Teigahorns við Berufjörð, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Teigahorn í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Frá stórstraumsfjöruborði að núverandi þjóðvegi milli Búlandsár að innan og Eyfreyjunesvíkur (Prófastsgötu) að utan.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Hvergi má raska jarðmyndunum og bannað er að hrófla við steintegundum og flytja þær út af svæðinu.

Eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á Teigahorni eru undanskildar þessum ákvæðum, svo og efnistaka við Búlandsá.

2. Óheimilt er að fara um svæðið nema með leyfi landeiganda, ábúanda á Teigahorni sem hefur eftirlit með náttúruvættinu í umboði Náttúruverndarráðs.